

Útværpsráðið og réttlætið

Illa er þeita Útværpsráðið
að sér i réttlætinu.

Helgi Hjörvar.

I.

Eg hefi fyrir skömmu boðið Útværpsráði að flytja tvö erindi, sem verða mundu til að skýra margt er að aldaskiftunum lýtur, sem í nánd eru, og á hvěrn hátt þau gætu orðið einstög vera þarf. Mun eg þó ekki tala um svartasta blettinn, því að eg veit að Útværpsráðið vill ekki leyfa mér að minnast á þá hættu sem þar er á ferðinni. Og raunar veit eg ekki ennþá, hvort erindi þessi verða þegin. En telja mundi eg það fyrirboða ef svo yrði ekki.

Það eru nú liðin meir en 24 ár síðan eg sagði í ritgerð sem eg sendi nokkrum vitrum og merkum mönnum til yfirlesturs, að ef máli því sem eg var að reyna til að vekja eftirtekt á, yrði ekki sint, væri bráðlega von verri tíðinda en orðið hafa áður í sögu mannkynsins. Orðum mínum var enginn gaumur gefinn. En það sannaðist fljótt sem eg hiklaust hafði sagt fyrir. Tæpum 3 mánuðum eftir að hinir ónógsamlega vitru menn höfðu lesið, — eða átt kost á að lésa — ritgerð mína, skall á styrjöldin mikla.

(Ofanritað er kafli úr óprentaðri grein sem var samin 22. nóv., nokkrum dögum áður en mér barst svar Útværpsráðs).

II.

Útværpsráðið hefir einsog mér var nú raunar ekki alveg grunlaust um, hafnað erindum þessum sem eg gat um. Ráðið mun þó ekki eiga um þetta óskilið mál, og einkum þykir mér sem óhætt muni vera að taka Pálma Hannesson rektor undan öllum grun um það hámark heimsku, sem lýsir sér í því, að vilja útiloka mig frá því að tala í Útværpið. Með því setur Útværpið íslenska vafalaust heimsmeð á allmjög annan veg en æskilegt er.

Fyrir nokkru fekk eg frá mikilli gáfukonu bréf þar sem hún kvartar yfir því, að eg skuli ekki oftar láta til míni heyra í Útværpinu. Kemst hún svo að orði: „Eg sé ekki að Útværpið nái tilgangi sinum til fulls meðan það flytur ekki og stytur kenningar yðar“. Í þessu hefir hin ágæta kona yissulega alveg rétt fyrir sér. Á því er enginn vafi, að eg hefi það fram að flytja sem alþjóð varðar, og hvergi verður til eins margra

náð og í Útvarpinu. Og kunnugt er mér um, að þeir eru ekki allfáir, sem sammála eru hinni ágætu konu, sem bréfið hefir ritað. Geta nú þeir, sem þetta lesa vitað hvernig á því stendur, að eg tala ekki oftar. Eg hefi nú boðið Útvarpinu 4 erindi í röð, sem hafnað hefir verið. Hið fyrsta var þó þegið eftir nánari umhugsun. Heitir það „Framtíð lífsins og dauðans“ og hefir komið í „Eimreiðinni“, og eins annað erindi, „Glasir“, sem eg fekk ekki að flytja. Eftir að því erindi var hafnað, hefir ýmislegt komið fyrir Útvarpið eftirtektarvert, og ætla eg ekki að minna á annað en það, að í sjálfri Útvarpshöllinni var kveðin vísa sú sem þessi sannleiksorð eru í: „Illa er þetta Útvarpsráð — að sér í réttlætinu“.

Og enn vil eg biðja menn að veita því eftirtekt, sem fyrir Útvarpið mun koma. Ekki þó af því að eg muni fara að hyggja á neinar hefndir fyrir réttlætis-skort Útvarpsins gagnvart mér, heldur vegna þess, að það er fyrir slika stofnun alveg sérstaklega óholt, ef segja má með sanni, að hún hafi tekið sér fyrir stefnuord „heilræði“ slikt sem Goethe leggur Mefisto (fjandanum) í munn í Fást sinum: „Verachte nur Vernunft und Wissenschaft — des Menschen allerhöchste Kraft.“

Pað sem eg hefi tekið. mér fyrir hendur er nú einmitt að stuðla að því, að skynsamlegu viti og visindum verði komið við á svæði þar sem slikt hafði ekki auðnast áður. Og var það mjög bagalegt, því að leiðin til farsællar framtíðar fyrir alt mannkyn verður ekki fundin fyr én ratljóst er orðið um þau lönd. Og er ekki hyggilegt, að meta að engu þær spár, sem framhafa komið um að einmitt heðan frá Íslandi muni fyrst birtu bera yfir.

Erindi þau sem Útvarpsráðið vildi ekki þiggja heita: „Koma Baldurs og björgun mannkynsins. Hið ótrúlegasta sem fyrir mig hefir komið.“ Er þar m. a. skýrt frá athugunum sem gera mönnum unt að skilja miklu betur en áður, upptök og eðli hinnar svo stórmerkilegu forngrísku heimspeki. Og einnig er þar brugðið nýju ljósi yfir aðalatriði i sögu Jesú. En þó fyrst og fremst sýnt fram á, hvert er hið sérstaklega norræna og íslenska hlutverk í sögu mannkynsins.

25. nóv.

Helgi Þjeturss.

Visir 7 des 1938